

Klifurfélag



Reykjavík

# Hnappavallamarabon 2009

11.-12. júlí\*

Hnappavallamarabon síðasta sumars tóks gríðarlega vel og ætti að vera öllum enn í fersku minni. Ekki verður þó látið þar við sitja heldur blásið í marabonlúðrana að nýju. Að þessu sinni verður viðfangsefnið með öðru sniði eða sólarhrings marabonklifur. Klifrað verður frá kl. 9 að morgni 11. júlí til kl. 9 að morgni þess 12. júlí. Keppt verður í liða- og einstaklingsflokkum. Liðin reyna að safna sem flestum stigum með því að klifra sem mest á 24 klst.

\*Ef ekki viðrar þessa helgi er helgin á eftir höfð til vara. Einnig munum við hnika tímasetningunni eitthvað til ef veðrið neyðir okkur til þess.

Hvert lið velur sér ákveðið þema í marabonklifrinu. Það getur t.d. verið að klifra allar 5.10 ur á Hnappavöllum. Önnur þemu gætu verið að klifra aðra hverja leið, leika sér að nöfnum leiðanna, klifra ákveðinn metrafjölda, ...

Allt línuklifur er undir: Sportklifur, ofanvaðsklifur, dótaklifur.

## Reglur

- .Klifrað verður í nákvæmlega einn sólarhring.
- .Allir þátttakendur þurfa að vera í liði.
- .Fjöldi þátttakenda í hverju liði er 4 – 6.
- .Hver klifrari má bara klifra hverja leið einu sinni. Aðrir í liðinu mega líka klifra þá sömu leið.
- .Tvö lið geta ekki unnið í sama verkefninu.

## Stigagjöf

Stig eru gefin út frá erfiðasta rauðpunkti á Hnappavöllum síðustu tvö ár. Ef klifrari hefur ekki klifrað á Hnappavöllum mun dómnefnd ákveða viðmiðunargráðu keppandans. Heildarstigafjöldi allra liðsmanna er lagður saman í lokin og deilt í með fjölda liðsmanna til þess að fá loka stigafjölda liðsins.

## Grunnstig

Línuklifur

- .1000 stig fást fyrir að rauðpunkta leið af þeirri erfiðliekagráðu sem viðkomandi hefur rauðpunktað erfiðast á Hnappavöllum, á síðustu tveimur árum (dæmi: erfiðasta rauðpunkt hingað til: Janus, 5.10a. => 5.10a rauðpunkt gefur 1000 stig).

- .50 auka stig (1050) fást fyrir að rauðpunkta leið sem er einni erfiðleikagráðu erfiðar (dæmi: 1050 stig fyrir 5.10b rauðpunkt, 1100 stig 10.c rauðpunkt o.s.fv.)
- .50 stig dragast frá fyrir að rauðpunkta leið sem er einni erfiðleikagráðu léttari (dæmi: 950 stig fyrir 5.9 rauðpunkt, 900 fyrir 5.8 rauðpunkt o.s.fv.)
- .viðmiðunargráða í dótaklifri og ofanvaði miðast við sömu gráðu og í sportklifurrauðpunkt

### **Bónusstig:**

#### Línuklifur

- .Beint af augum ("on sight") gefur auka 145 stig
- .Flass gefur auka 53 stig
- .Ef leið er klifruð fall laust í ofanvaði dragast 145 stig frá rauðpunktsstigagjöf
- .Dótaleið gefur auka 145 stig

Auka 1000 stig á hvern liðsmann fást fyrir:

- .Bestu heildarmynd liðs (búningar, verkefni)
- .Flesta lengdarmetrar liðs
- .Áhugaverðasta og best leysta verkefni liðs

## Veitingar

Munu koma á óvart. Búast má við kvöldverði, síðdegis-, miðnætur- og morgunhressingu.

## Skráning

Skráning fer fram í gegnum tölvupóst: [klifurhusid@klifurhusid.is](mailto:klifurhusid@klifurhusid.is) og á skráningarblaði í *Klifurhúsinu*. Liðsstjóri skráir sitt lið til keppni. Þar með hafa allir keppendur liðsins líka verið skráðir í einstaklingskeppnina.

Verkefnum liða er deilt út eftir reglunni: Fyrstur kemur fyrstur fær. Þátttökugjald: 1000 kr

Miðvikudaginn 8. júlí verður haldinn fundur með öllum þátttakendum í Klifurhúsinu kl. 20:30-21:00 (eða a.m.k. fulltrúa hvers liðs)

